

### Álagning fasteignaskatts og lóðarleigu fyrir árið 2022

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að álöggð fasteignagjöld vegna ársins 2022 verði eftirfarandi:

Fasteignaskattur sem reiknast af heildarfasteignamati húsa og lóða.

- A- Skattflokkur – íbúðarhúsnæði, hesthús og sumarbústaðir - 0,246%
- B- Skattflokkur – opinberar byggingar sbr. reglugerð 1160/2005 - 1,32%
- C- Skattflokkur – atvinnuhúsnæði - 1,4

Lóðarleiga sem reiknast af fasteignamati lóðar:

- A- Skattflokkur – íbúðarhúsnæði, hesthús og sumarbústaðir - 0,33%
- B- Skattflokkur – annað húsnæði sbr. 3 gr. reglugerðar 1160/2005 - 1,17%
- C- Skattflokkur – atvinnuhúsnæði - 1,17%

Álagningin byggir á fasteignamati eigna samkvæmt Fasteignaskrá Íslands 31. desember 2021.

Almennir gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2022 eru tíu, fyrsti gjalddaginn er 1. febrúar 2022 en eftir það 1. virki dagur hvers mánaðar frá mars til nóvember og eindagi um 30 dögum síðar. Gjalddagi fasteignagjalda, að lægri fjárhæð en 25.000 kr. er 1. febrúar 2022. Gjalddagar fasteignagjalda, sem lögð eru á nýjar eignir á árinu, eru jafn margir og almennu gjalddagarnir sem eftir eru ársins þegar álagning fer fram.

Fasteignaskattur og lóðarleiga er lögð á samkvæmt lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

Hafnarfirði 13. desember 2021



Rósa Guðbjartsdóttir  
bæjarstjóri